

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. nóvember 2012
Tilvísun: 2012110001/50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2001, þingskjal 3 — 3. mál

Orkustofnun vísar til erindis Atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 31. október sl., þar sem óskað er umsagnar og athugasemda Orkustofnunar við frumvarp um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun (flokkun virkjunarkosta og gerð orkunýtingaráætlunar), nr. 48/2001, með síðari breytingum, á 141. löggjafarþingi 2012-2013, þingskjal 3 — 3. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni framangreinds frumvarps og óskar eftir að koma eftirfarandi umsögn á framfæri varðandi einstakar greinar þess.

Um. 1. gr. frumvarpsins

Orkustofnun tekur undir þau sjónarmið að friðlýsing svæðis lýsi í sjálfu sér ekki andstöðu við framkvæmdir eða virkjanir á viðkomandi svæði en í friðlýsingarskilmálum er tiltekið sérstaklega ef hömlur eiga að vera á slíkum framkvæmdum. Við útgáfu rannsóknarleyfa samkvæmt ákvæðum laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, hvort heldur er á friðlýstum svæðum eða öðrum svæðum, eru framkvæmdir vegna rannsóknanna jafnframt háðar umhverfismati. Það er þess vegna eðlilegt að samræmis sé gætt um mat á virkjunarkostum þannig að virkjunarkostur á friðlýstum svæðum yrði metinn með sama hætti og aðrir. Sömu reglur gildi þá um alla hugsanlega virkjunarkosti.

Um. 2. gr. frumvarpsins

Samkvæmt 5. gr. laga um verndar og orkunýtingaráætlun skal setja í biðflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar þá virkjunarkosti sem er talið að afla þurfi frekari upplýsinga um, svo meta megi á grundvelli laganna hvort þeir skuli flokkaðir í verndarflokk eða orkunýtingarflokk.

Orkustofnun tekur undir það sjónarmið frumvarpsins að mikilvægt sé að tryggja, að unnt sé að afla þeirra gagna sem þörf er á til að ljúka flokkun virkjunarkosta í biðflokki. Skv. 3. mgr. 5. gr. laganna er það háð miklum takmörkunum hvaða rannsóknir geta farið fram á virkjunarkosti í biðflokki, og m.a. er ekki heimilt að veita rannsóknarleyfi eða stunda orkurannsóknir séu framkvæmdir vegna þeirra matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, og því háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða þegar við á úrskurði ráðherra. Takmarkar þetta ákvæði mjög möguleika á því að afla nauðsynlegra gagna og upplýsinga sem krefjast rannsókna á viðkomandi virkjunarkosti.

Það er því til bóta að samþykkja þá breytingu á 5. gr. laganna að við 1. mgr. bætist nýr málslíður sem gerir ráð fyrir því, að falli virkjunarkostur í biðflokk skuli tiltaka hvaða upplýsingar vantar til að unnt sé að ljúka flokkun hans í aðra flokka. Einnig að stjórnvöldum er heimilt að veita rannsóknarleyfi vegna virkjunarkosta sem eru í biðflokki til að afla nauðsynlegra upplýsinga skv. 1. mgr.

Um. 3. gr. frumvarpsins

Það er mat Orkustofnunar, að eðlilegt sé að leyfisskyldar orkurannsóknir svo og orkurannsóknir sem ekki


Ch.A.

eru leyfisskyldar vegna óflokkaðra virkjunarkosta geti átt sér stað í samræmi við ákvæði laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, vegna virkjunarkosta sem verndar-og orkunýtingaráætlun á að taka til skv. 3. mgr. 3. gr. en ekki hefur verið tekin afstaða til í gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun. Umrædd grein frumvarpsins tekur af allan vafa um slíkt, enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða háðar mati á umhverfisáhrifum.

Um 4. gr. frumvarpsins

Orkustofnun bendir á að það hlýtur að vera háð hinu pólitíska mati hverju sinni að gera tillögu um og samþykkja rammaáætlun, þar sem flokkun virkjunarkosta er metin á huglægan hátt. Við slíka tillögugerð má ætla að hið pólitíska vald styðjist m.a. við þá hlutlægu niðurröðun virkjunarkosta sem byggir á niðurstöðum verkefnastjórnarinnar og eftir atvikum öðrum málefnalegum sjónarmiðum. Í þessu sambandi er vakin athygli á því, að verkefnastjórnin er ekki þannig samansett að hún sé til þess bær að taka sjálfstæðar ákvarðanir um mótun tillögu að rammaáætlun líkt og lagt er til með greininni, þ.e. að ráðherra kalli saman að nýju síðustu verkefnisstjórn um gerð rammaáætlunar og feli henni að gera tillögu til Alþingis. Slík tillögugerð hlýtur ávallt að fara fram á hinum pólitíska vettvangi ríkisstjórnar og/eða Alþingis

Orkustofnun gerir ekki að öðru leyti frekari athugasemdir við frumvarp um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, nr. 48/2001.



Skúli Thoroddsen

Virðingarfyllst,
f. h. orkumálastjóra



Kristinn Einarsson